

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Rvk. 7. feb. 2003

Efni: Frumvarp til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, 509. mál, stjórnarfrumvarp.

Stjórnir Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins hafa fjallað um ofangreint frumvarp á fundum sínum í vikunni.

Það er samtökunum fagnaðarefni að bygging álvers í Reyðarfirði og stórvirkjunar á Austurlandi sé að verða að veruleika. Framkvæmdirnar verða lyftistöng fyrir atvinnulíf á landinu öllu og munu stuðla að bættum hag landsmanna og fjölbreyttari samsetningu atvinnulífs. Fyrirhugaðar framkvæmdir verða þær stærstu í Íslandssögunni, og munu þar af leiðandi krefjast virkrar hagstjórnar, einkum þegar þær standa hæst á árabílinu 2005 og 2006, en á móti kemur að tímasetning þeirra er afar heppileg þar sem vaxandi slaka gætir í hagkerfinu í aðdraganda þeirra.

6. og 9. gr. frv. veita Alcoa Incorporated, Fjarðarálf sf. mikilvægar undanþágur frá íslenskum skattalögum til 20 ára. Samtökin gera ekki efnislegar athugasemdir við það. Eðlilegt er að gerður sé samningur við erlenda aðila sem hyggjast festa mikla fjármuni hér á landi til margra áratuga sem veita festu og öryggi á líftíma fjárfestingarinnar. Samningurinn beinir hins vegar sjónum að þeim ákvæðum íslenskrar fyrirtækjaskattalöggjafar sem ekki tíðkast meðal þeirra ríkja sem við berum okkur saman við og brýnt er að færð verði í svipað horf og annars staðar gildir. Þar er fyrst og fremst um að ræða eignarskatta, vörugjöld og stimpilgjöld. Eignarskattar á fyrirtæki þekkjast vart annars staðar og vörugjöld á byggingarefni þekkjast hvergi. Þá er rétt að minna á að enn hefur ekki komið fram frumvarp á yfirstandandi þingi um breytingar á lögum um stimpilgjald eins og kynnt var sl. haust.

Í þessu sambandi er einnig vert að benda á að skattaleg ákvæði þessa frumvarps eru hagstæðari en sérsamningar við starfandi fyrirtæki í orkufrekum iðnaði. Samtökin telja það óviðunandi staða að skattalegt ójafnræði skuli ríkja milli fyrirtækja í sömu atvinnugrein. Samtökin vilja því beina því til stjórnvalda að settur verði almennur rammi um skattlagningu fyrirtækja sem festa mikla fjármuni í orkufrekum iðnaði hér á landi.

Í skýrslu Nýsis hf. um mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa í Reyðarfirði kemur fram að það yrði hagstætt fyrir þróunina ef sveitarfélögin á Fljótsdalshéraði myndu sameinast í

eitt öflugt sveitarfélag, svo og sveitarfélögin á suðurfjörðum. Vera kann að ákvæði 5. tl. 6. gr. frv. um fasteignagjöld geti unnið gegn því markmiði. Undir þessa ályktun skýslunnar er tekið og er Alþingi hvatt til þess að stuðla að því að af sameiningu umræddra sveitarfélaga verði sem fyrst.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins styðja eindregið að frumvarpið verði að lögum.

Samtök atvinnulífsins

Samtök iðnaðarins

Ari Edwald

Sveinn Hannesson